

# SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Ársreikningur  
2024

SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda  
Austurströnd 3  
170 Seltjarnarnesi  
kt. 620976-0169

# SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

## Ársreikningur 2024

### Efnisyfirlit

Skýrsla framkvæmdastjóra	a-d
Áritun óháðs endurskoðanda og félagskjörins skoðunarmanns	2-3
Skýrsla og áritun stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

# Skýrsla framkvæmdastjóra

## 1.0 Lagagrundvöllur SFH

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) var stofnað árið 1973. Tilgangur var og er að innheimta þóknun fyrir hönd flytjenda og framleiðendenda tónlistar vegna opinberrar spilunar tónlistar af útgefnum hljóðritum. Um er að ræða notkun tónlistar í útvarps- og sjónvarpsstöðvum og á opinberum vettvangi svo sem á veitingastöðum, í verslunum og líkamsræktarstöðvum.

Tekjur SFH eru þrenns konar. Í fyrsta lagi gerir SFH samninga við útvarpsstöðvar, í öðru lagi innheimtir SFH fyrir flutning af hljóðritum utan útvarps en um það gildir sérstök verðskrá. STEF hefur frá upphafi annast fyrir SFH innheimtu þóknunar vegna þessa flutnings samkvæmt sérstöku samkomulagi þar að lútandi.

Í þriðja lagi fær SFH tekjur frá IHM, innheimtusamtökum réttihafa, en SFH á þar aðild og er þar eitt af þremur stofnsamtökum. eru tekjurnar hlutdeild af bótum sem renna til réttihafasamtaka höfunda, flytjenda og framleiðenda vegna eintakagerðar til einkanota (sbr. 11. gr. höfundalaga) og vegna endurvarps í sjónvarpi (sbr. 23.gr. a), en það er átt við endurvarp innlendra og erlendra sjónvarpsstöðva.

SFH er einnig ásamt STEFI aðili að SAMTÓNs, sem stofnað var árið 2002 og er samstarfvettvangur tónlistarréttihafa og annast m.a. framkvæmd Dags íslenskrar tónlistar og Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Fulltrúar FÍH og FHF eiga einnig sæti í stjórn Tónlistarmiðstöðvar en skv. 6. grein tónlistarlaga nr. 33/2023 skipar ráðherra sjö fulltrúa í stjórn tónlistarmiðstöðvar til þriggja ára í senn, tvo án tilnefningar og skal annar vera formaður, en aðrir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningum eftirfarandi hagaðila innan tónlistar sem hver um sig tilnefnir einn stjórnarmann: STEF, Félag hljómplötuframleiðenda, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Tónskáldafélag Íslands..

## 2.0 Núverandi stjórn

Stjórnarmenn SFH eru kjörnir til tveggja ára. Á aðalfundi SFH, sem haldin var í júní 2023, voru eftirtalin kjörin í stjórn:

Formaður var kjörinn Ásmundur Jónsson og varaformaður Gunnar Hrafnsson.

Meðstjórnendur voru kjörnir :

### Flytjendadeild

Róbert Þórhallsson (FÍH)  
Hrafnhildur Theodórsdóttir (FÍL)

### Framleiðendadeild (FHF)

Sölvi Blöndal  
Haraldur Leví Gunnarsson

Á aðalfundinum 2023 var Björn Th. Árnason kjörinn félagskjörinn skoðunarmaður reikninga og Endurskoðunarskrifstofan Deloitte kjörin endurskoðandi samtakanna.

Á aðalfundinum í ár fer eins og áður greinir fram kosning um stjórnarsetu til tveggja ára og mun formaður koma úr röðum flytjenda og varaformaður úr röðum framleiðenda eins og venja er og samþykktir segja til um.

Framkvæmdastjóri samtakanna er Gunnar Guðmundsson.

## 3.0 Fjárhagur 2024

Heildartekjur hafa aukist milli ára. Tekjur útvarpsstöðva eru nokkuð svipaðar milli ára, en tekjur vegna IHM hafa aukist nokkuð og heildartekjur hækkað frá síðassta ári..

Viðræður hafa um alllangt skeið staðið yfir við RÚV um nýjan samning og segja má að samningar sem bæta réttindi aðildarsamtaka SFH séu nánast í höfn.

## 4.0. Beiðni SFH um viðurkenningu menningar-og viðskiptaráðuneytisins og síðar nýsköpunar-háskóla og menningarmálaráðuneytisins á starfsemi SFH.

Á þessu starfsári eins og mörg undanfarin ár var mikil vinna lögð í það að uppfylla allar kröfur

# Skýrsla framkvæmdastjóra

ráðuneytisins til þess að öðlast viðurkenningu fyrir starfsemi samtakanna í samræmi við ákvæði bæði höfunda- og umsýslulaga.

## 4.1. Samantekt um umsókn SFH um viðurkenningu framangreindra ráðuneyta.

Árið 2022 sótti SFH um viðurkenningu menningar- og viðskiptaráðuneytisins og árið 2023 var mikil vinna lögð í það með starfsmönnum menningar- og viðskiptaráðuneytisins að aðlaga samþykktir og úthlutunarreglur SFH lögum nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslustofnun höfundarréttar. Allviðamiklar breytingar voru samþykktar á þessu regluverki á síðustu aðalfundum SFH, en á þeim fundum og aukafundum var farið mjög vandlega yfir allar tillögur til breytinga í þessa veru sem lágu fyrir og þær samþykktar.

Af áður nefndum ástæðum töldu fulltrúar SFH að málið væri komið í höfn eftir fund með ráðuneytinu þann 3.10. 2023, en þá voru teknir saman minnisþingir um stöðuna gagnvart ráðuneytinu. Mikil og nán samvinnu við ráðuneyti hefur staðið nær óslitið frá ársbyrjun 2023. Umfangsmikil samskipti áttu sér stað með tölvupóstum og þremur sameiginlegum fundum árið 2023 þ.e. í janúar, mars og lok þann 3. október.

Á þeim tíma var SFH komið lengst innheimtusamtaka við þessa framkvæmd og allt benti því til eins og áður greinir að SFH fengi viðurkenninguna staðfesta fljótlega eftir framangreindan fund í október 2023.

Þann 13. október barst SFH hins vegar bréf frá ráðuneytinu með beiðni um upplýsingar um málefni sem á engan hátt tengdist viðurkenningarferlinu. Var beðið um aðgang að „nauðsynlegum bókhaldsgögnum SFH frá 2016-2023“ eins og það var orðað.

Af hálfu SFH var ráðuneytinu svarað þann 26. október 2023 á þann veg að stjórn SFH hefði óskað lögfræðilíts um viðbrögð við áður nefndri beiðni. Var þar átt við lögfræðilít Lögmannsstofunnar Magna og danska lögmannsins, Peter Schönning sem er einn fremsti höfundaréttarsérfræðingur á Norðurlöndum og hefur mikla reynslu á þessu tiltekna sviði. Þessi tvö lögfræðilít lágu bæði fyrir í byrjun árs 2024. Var ráðuneytinu svarað með bréfi dagsett 10. janúar 2024 þar sem vísað var til lögfræðilítanna og þar sem fram kom sú skoðun SFH að ráðuneytið hefði farið út fyrir valdheimildir sínar og lagaheimildir umsýslulaga.

Svar barst frá ráðuneytinu 20. júní 2024 þar sem fram kom m.a. í niðurlagi þess að ráðuneytið hafi fallist á þá skoðun SFH að samtökunum beri ekki skylda til að afhenda umbeðin gögn. Enn fremur er beðist afsökunar á töfum þeim sem hefðu orðið við úrvinnslu umsóknar SFH um viðurkenningu ráðuneytisins. Í niðurlagi þess segir síðan að stefnt sé að því að ljúka afgreiðslu umsóknarinnar sem fyrst og samtökunum haldið upplýstum um framvindu málsins.

Afgreiðsla ráðuneytisins dróst samt sem áður nokkuð, en hinn 19. mars s.l. voru fulltrúar SFH boðaðir á fund í Menningar-nýsköpunar og háskólaráðuneyti til viðræðna um beiðni SFH um viðurkenningu ráðuneytisins.

Þann fund sátu formaður og varaformaður SFH auk framkvæmdastjóra. Var umsókn SFH rædd og ítrekuð afsökun ráðuneytisins varðandi drátt á afgreiðslu málsins. Niðurstaða fundarins var sú að starfsmenn ráðuneytisins kváðust myndu afgreiða umsóknina hið fyrsta. Það gerðist reyndar síðar sama dag og var SFH síðan tilkynnt um það daginn eftir, en þar voru staðfestar allar þær heimildir sem nauðsynlegar eru fyrir SFH samkvæmt höfunda- og umsýslulögum til að annast þá starfsemi sem innheimtusamtök fyrir flytjendur og framleiðendur á tónlist hér á landi.

Var þar langþráðum áfanga náð sem að mati stjórnar hefði getað tekið mun skemmri tíma ef annað mál alls óskýlt hefði ekki tafið afgreiðslu.

## 6.0. Tilnefning í Höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. höfundalaga

Eins og segir í framangreindu ákvæði höfundalaga skal til ráðuneytis ráðherra um höfundaréttarmál

## Skýrsla framkvæmdastjóra

skipa til fjögurra ára í senn nefnd sérfróðra manna á sviði höfundaréttar. SFH hafði tilnefnt Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóra SFH í nefndina, en hann hafði setið þar tilnefndur að SFH um allnokkurt skeið sem fulltrúi með hagsmuni flytjenda tónlistar og útgefenda hljóðrita að leiðarljósi.

Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra virti þessa tilnefningu að vettugi, er hún skipaði nefndina á síðasta ári. Var þar hvorki að finna fulltrúa frá flytjendum né framleiðendum tónlistar. Var þessu harðlega mótmælt af formanni SFH, FÍH og FHF þar sem þar var ekki að finna neinn sérfræðing flytjenda eða framleiðenda. Formenn FÍH og FHF hittu í framhaldi ráðherra á fundi og áréttuðu kröfur sínar. Þrátt fyrir þessar mótbáurur breyttu þær í engu afstöðu ráðherra til málsins.

Þegar Lilja vék úr embætti viðhorf innan ráðuneytisins til málsins og skipaði Logi Einarsson Gunnar Guðmundsson sem varamann í Höfundarréttarnefnd. Segja má því að nokkuð hafi áunnist með þeirri ákvörðun þar sem varamenn sitja alla fundi nefndarinnar og hafa þar tillögurétt og málfrelsi.

Í þessum máli er aftur á móti algjörlega óskiljanlegt hvernig Lilja Alfreðsdóttir ráðherra stóð að embættisfærslu sinni gagnvart Höfundarréttarnefnd, SFH og framkvæmdastjóra þess.

### 7.0 Samstarf við GRAMEX og önnur erlend innheimtusamtök.

Flytjendadeild SFH hefur gert fjölmarga gagnkvæma samninga við erlend systursamtök víðs vegar í heiminum um innheimtu og umsýslu innheimtufjár vegna erlendra systursamtaka.

Framkvæmdastjórar systursamtaka SFH á Norðurlöndum hittast reglulega ár hvert, en þau eru: GRAMEX í Danmörku og Finnlandi, GRAMO í Noregi, SAMI í Svíþjóð (flytjendasamtök) og IFPI í Svíþjóð (framleiðendasamtök). Þetta samstarf er mjög mikilvægt og upplýsandi fyrir SFH, þar sem löggjöf um þessar systurstofnanir er nokkuð svipuð á Norðurlöndum. Af þeim sökum er því vel þegið að fá á slíkum fundum fræðslu um framkvæmd og nýmæli í hinu norræna samfélagi.

Eins og kunnugt er annast PPL, systursamtök SFH, útreikning erlendra réttinda bæði fyrir flytjendadeild og framleiðendadeild, en PPL eru ein stærstu og tæknivæddustu samtök á þessu sviði í heiminum. Samstarfið hefur verið mjög gott og árangursríkt.

Önnur aðildarsamtök utan Norðurlanda sem SFH sækir fróðleik til og nýtur góðs að og uppfyllir jafnframt alþjóðlegar kröfur slíkra samtaka eru SCAPR, alþjóðasamtök flytjendasamtaka sem árlega heldur fulltrúaráðsfundi sem framkvæmdastjóri SFH sækir auk vinnufunda í nefndum í fjarfundabúnaði. Ennfremur tekur SFH þátt í árlegum fundi PRC (Performance Right Committee) sem haldnir er fyrir sameiginleg innheimtusamtök flytjenda og framleiðenda á vegum IFPI, alþjóðasamtaka hljómplötuframleiðenda.

## 8.0 IHM

### 8.1. Eintakagerð til einkanota

Fjármálaráðuneytið greiddi eftirgangsmuni út allar þær bætur sem þeim bar vegna ársins 2023, en skuld vegna ársins 2022 sem nemur um 13 milljónum enn ógreidd. Vonast er til að sú fjárhæð verði greidd síðar á árinu, en að öðrum kosti mun þurfa að leita atbeina dómstóla í því skyni að koma því fé í hendur IHM.

### 8.2. IHM Kapall/endurvarp

Samningar við Símann hf., SÝN hf. og Nova hf.. Viðræður hafa átt sér stað um nýtt samkomulag við fjarskiptafyrirtækin í samstarfi við UBOI (samtök erlendra sjónvarpsstöðva) sem vonast er til að færi IHM auknar tekjur.

Á árinu var jafnframt unnið að samkomulagi við UBOI um skiptingu tekna vegna endurvarps. Erfiðlega hefur gengið að semja við UBOI (og RÚV) um skiptingu tekna, en UBOI sagði upp samningnum við IHM, en uppsögnin tók gildi um síðustu áramót. Enn fremur hefur RÚV dregið sig út úr samstarfi við UBOI. Viðræður við UBOI munu halda áfram, en sérstök samninganefnd sinnir því verkefni, með Martin Gormsen sem ráðgjafa. Hann er danskur lögmaður og reynslumikill sérfræðingur í samningagerð á þessu sviði.

Úthlutað var árinu 2024 innborgun til bráðabirgða vegna fyrri ára til þeirra félaga sem mynda svokallaðan 20% hóp en sá hópur á eftir að ná samkomulagi sín á milli varðandi úthlutun. SFH er stærsti rétthafinn í þeim hópi. Þar er að finna öll samtök innan IHM að frátöldum STEFI og

## Skýrsla framkvæmdastjóra

kvikmyndaframleiðendum (SÍK/AGICOA) Mikil andstaða hafði verið gagnvart því að greiða nokkuð út af uppsöfnuðu fé, en góðu heilli urðu sinnaskipti hvað þetta varðar innan raða margra samtaka 20% hópsins.

Þær góðu fréttir eru að ársreikningur IHM sýndi að starfsemin skilaði 27% aukningu á tekjum milli 2023 og 2024. Njóta því aðildarsamtök SFH að sjálfsgöðu góðs að þeim tekjuauka.

### 8.3. Sáttasemjari IHM

Í september 2023 var ágreiningi aðildarsamtaka IHM um skiptingu tekna vegna endurvarps og ólínulegrar notkunar efnis vísað til sérstaks sáttasemjara skv. gr. 7.1. í samþykktum IHM.

Stjórn IHM ákvað að Ásgerður Ragnarsdóttir landsréttardómari yrði sáttasemjari. Skiluðu öll aðildarfélag IHM inn greinargerðum til sáttasemjara varðandi kröfur um skiptingu tekna.

Hins vegar sagði sáttasemjari sig frá störfum sínum þar sem að hennar mati var grundvöllur málsins ekki skýr þar sem m.a. lágu ekki fyrir nægilega skýr gögn um stöðu mála hvað réttindi aðildarfélaga varðaði og hvað reglur giltu um þetta efni í nágrannalöndum okkar. Enginn sáttasemjari hefur verið skipaður í kjölfar afsagnar Ásgerðar og engin tillaga um nýjan sáttasemjara verið lögð fram.

Auk deilna um skiptingu fjármuna hefur að auki verið deilt um hversu stórum hluta eigi að skipta af tekjum fyrir endurvarpið og ólínulega notkun. Þau hlutföll sem hingað til hafa gilt eru þannig:

UBOI (samtök erlendra sjónvarpsstöðva)	36%,
SÍK/AGICOA(kvikmyndaframleiðendur)	26%,
STEF	18%
Önnur samtök í IHM	20%

Ljóst er að ágreiningur er við RÚV um ólínulegu notin og vandséð að sá ágreiningur leysist í bráð.

## 9.0 SAMTÓN

### 9.1. Dagur íslenskrar tónlistar

Eins og undanfarin ár var Dagur íslenskrar tónlistar haldinn hátíðlegur í Hörpu. Það var föstudaginn 29. nóvember s.l. Léku íslenskar útvarpsstöðvar að venju aðallega íslenska tónlist. Veitt voru verðlaun í eftirfarandi flokkum og verðlaunahafar voru:

1. Nýsköpunarverðlaun Tónlistarstaðurinn R6013 í Reykjavík.
2. Hvatningarverðlaun Kolbrún Linda Ísleifsdóttir
3. Glugginn BRJÁN Blús-rokk- og jazzklúbburinn á Nesi, æfinga- og upptökuaðstaða auk tónleikasalar í Neskaupstað.
4. Útflutningsverðalun Hjómsveitin Kælan mikla
5. Lítill fugl, heiðursverðlaun Dags íslenskrar tónlistar Anna Hildur Hildibrandsdóttir og Gísli Þór Guðmundsson

Á þessum degi íslenskrar tónlistar í Hörpu kom meðal annarra fram Helgi Björnsson og Ómar Guðjónsson sem fluttu ásamt stúlknakór úr Laugarnesskóla lagið Húsið og ég en það lag var valið lag í samvinnu við Syngjandi skóla og tónmenntakennara víða um land og var það sungið í nær öllum skólum landsins á sama tíma og viðburðurinn fór fram.

### 9.2. ÍSTÓN.

Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV) voru afhent í Hörpu þann 12. mars sl.

Tilnefningaflokkum var fjölgað frá fyrra ári og voru þeir alls 27 og fjöldi innsendinga jókst milli ára, sem bendir til töluverðrar grósku í hinu fjölbreytta umhverfi íslenskrar tónlistar.

Sjá má frekari upplýsingar um þá sem voru tilnefndir og verðlaunhafa á heimasíðu Íslensku tónlistarverðlaunanna [www.iston.is](http://www.iston.is).

Seltjarnarnesi 9. maí 2025

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og aðila í SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

### Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma, skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Ég er óháður SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og hef ég uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitt er gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Framkvæmt var einnig eftirfarandi:


- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metu hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda

- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef talinn að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minni. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðunni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 19. maí 2025.



Einar Hafliði Einarsson  
endurskoðandi

## Áritun félagskjörins skoðunarmanns

### Til stjórnar og aðila í SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Ég undirritaður kjörinn félagslegur skoðunarmaður SFH hef farið yfir ársreikning SFH fyrir árið 2024. Ég tel hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykktu félagsins og legg því til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 19. maí 2025.



Björn Th. Arnason  
skoðunarmaður

## Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

SFH var stofnað árið 1973 og fagnaði því 50 ára afmæli á árinu. Megintilgangur samtakanna er að semja um, innheimta, annast umsýslu og úthluta endurgjaldi til listflytjenda og hljómplötuframleiðenda hér á landi þegar hljóðritum þeirra er útvarpað eða þau flutt opinberlega á Íslandi, sbr. 47. grein höfundalaga nr. 73/1972. Samtökin geta einnig innheimt, annast umsýslu og úthlutað annars konar endurgjaldi sem tilheyrir framangreindum rétthafahópum. Hið sama á einnig við um fjármuni sem koma í hlut sömu rétthafahópa þar sem einstaklingsbundinni úthlutun verður ekki við komið.

Í samþykktum SFH kemur fram að SFH er skipt í tvær deildir, listflytjendadeild og framleiðendadeild. Í flytjendadeild eru félög er hafa innan sinna vébanda meðlimi sem eiga í einhverjum mæli réttindi yfir listflutningi á vernduðum hljóðritum sem flutt eru á opinberum vettvangi. Félög listflytjenda í SFH eru Félag íslenskra hljómlistamanna (FÍH) sem eru langstærstu flytjendasamtökin, Félag íslenskra leikara (leikarar og einsöngvarar), Félag íslenskra tónlistamanna (einleikarar klassískrar tónlistar), Samband íslenskra karlakóra, Samband blandaðra kóra og Samband lúðrasveita. Aðild að SFH framleiðendamegin er í gegnum FHF (Félag hljómplötuframleiðenda). Aðild að FHF er bundin við þá sem gefa út hljóðrit sem njóta verndar samkvæmt höfundalögum, en það eru hljóðrit með tónlist frá löndum sem eru aðilar að alþjóðasáttmála um vernd flytjenda og framleiðenda, Rómarsáttmálanum. Í maí 2021 voru aðilar 96 lönd.


Hagnaður ársins nam 287.350.319 kr., eða um 39,5 % meira en árið áður. Flutningsréttartekjur ársins jukust frá fyrra ári um 5,1% og námu 285,6 mkr. Kostnaðarhlutfall af flutningsréttartekjum nam 28,5% samanborið við 30,9% árið á undan. Heildareignir í árslok námu 369,2 mkr. Skuldbindingar vegna vörslufjár sjóða voru 85% af heildarieignum, vegna annarra skulda 3,9% og eigið fé var 11,1%.

Stjórn og framkvæmdastjóri SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 19. maí 2025

### Í stjórn

Ásmundur Jónsson, stjórnarformaður



Gunnar Hrafnsson, varaformaður



Róbert Þórhallsson



Haraldur Leví Gunnarsson



Framkvæmdastjóri



Gunnar Guðmundsson

Sölvi Blöndal



Hrafnhildur Theodórsdóttir



## Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Flutningsréttartekjur .....		285.590.365	271.654.155
Aðrar tekjur .....	14,3	85.430.152	58.000.600
		<hr/>	<hr/>
		371.020.517	329.654.755
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	4	(36.952.642)	(39.766.724)
Aðkeypt innheimtuþjónusta .....		(31.055.421)	(29.934.499)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(8.797.856)	(10.505.365)
Annar rekstrarkostnaður .....		(4.627.248)	(3.826.346)
Sérkostnaður deilda .....		(7.143.926)	(6.925.643)
		<hr/>	<hr/>
		282.443.424	238.696.178
Afskrift og niðurfærsla viðskiptakrafna .....		(5.900.000)	(25.000.000)
Kostnaður við sérverkefni .....	12	0	(18.253.045)
		<hr/>	<hr/>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		276.543.424	195.443.133
Fjármunatekjur .....	5	10.806.895	10.548.360
		<hr/>	<hr/>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>287.350.319</u>	<u>205.991.493</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		125.126.417	89.894.665
Handbært fé .....		244.120.896	245.831.993
		<u>369.247.313</u>	<u>335.726.658</u>
<b>Eignir</b>		<u>369.247.313</u>	<u>335.726.658</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....	10	700.000	700.000
Óráðstafað eigið fé .....	13	0	0
Varasjóður .....	11	26.099.762	26.099.762
Stuðningssjóður .....	12	14.364.632	20.599.149
<b>Eigið fé</b>		<u>41.164.394</u>	<u>47.398.911</u>
<b>Vörslufé</b>			
Vörslufé Flytjendadeildar .....	14,1	219.352.915	189.477.083
Vörslufé Framleiðendadeildar .....	14,2	94.436.042	60.561.841
Vörslufé vegna IHM tekna v eintakagerð .....	14,3	0	21.341.905
		<u>313.788.957</u>	<u>271.380.829</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreitt vegna úthlutunana .....		7.416.391	9.953.420
Ýmsar skammtímaskuldir .....		6.877.571	6.993.498
		<u>14.293.962</u>	<u>16.946.918</u>
Skuldir		<u>328.082.919</u>	<u>288.327.747</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>369.247.313</u>	<u>335.726.658</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		276.543.424	195.443.133
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		276.543.424	195.443.133
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun .....		(35.231.752)	63.940.557
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....		(2.652.956)	5.550.350
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		238.658.716	264.934.040
Innborgaðir vextir og arður .....		10.806.895	10.548.360
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>249.465.611</b>	<b>275.482.400</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddar úthlutanir flytjendadeildar .....	14,1	(57.416.275)	(103.479.388)
Greiddar úthlutanir framleiðendadeildar .....	14,2	(60.561.841)	(85.562.006)
Greiddar úthlutanir til aðila að IHM tekjum .....	14,3	(106.772.057)	(42.510.551)
Greidd ráðstöfun úr Stuðningssjóði .....	10	(26.426.535)	0
		(251.176.708)	(231.551.945)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(1.711.097)	43.930.455
Handbært fé í upphafi árs .....		245.831.993	201.901.538
Handbært fé í lok árs .....		<b>244.120.896</b>	<b>245.831.993</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda eru innheimtusamtök tónlistarflytjenda og hljómplötuframleiðenda stofnuð með heimild í 47. grein höfundalaga nr. 73/1972

SFH gætir hagsmuna flytjenda og hljómplötuframleiðenda vegna réttinda varðandi þóknun fyrir afnot hljóðrita sem flutt eru í útvarpsstöðvum og annars staðar á opinberum vettvangi svosem í verslunum, veitingahúsum, líkamsræktarstöðvum. SFH semur við útvarpsstöðvar um þóknun til flytjenda og framleiðenda og um notkun tónlistar utan útvarpsstöðva gildir sérstök verðskrá, en innheimta slíkrar þóknunar er í höndum STEF samkvæmt sérstökum samningi við SFH.

SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili samtakanna að Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun á skrifstofu .....	28.107.121	28.471.050
Stjórnar- og starfslaun .....	2.598.000	2.470.000
Bifreiðastyrkur og dagpeningar .....	316.968	297.612
	<u>31.022.089</u>	<u>31.238.662</u>
Lífeyrissjóður .....	3.736.134	3.704.383
Aðrir sjóðir .....	183.862	261.255
Tryggingagjald .....	2.042.175	2.062.038
Áunnið orlof, breyting .....	(111.618)	2.029.786
Annar starfsmannakostnaður .....	0	470.600
	<u>5.850.553</u>	<u>8.528.062</u>
	36.872.642	39.766.724
Þar af launakostnaður vegna "Skráning flytjenda" .....	0	0
	<u>36.872.642</u>	<u>39.766.724</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	2	2

## 5. Fjármunatekjur og -gjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	15.428.952	14.819.302
Bankakostnaður og fjármagnsgjöld .....	(1.094.417)	(1.010.696)
Fjármagnstekjuskattur .....	(3.527.640)	(3.260.246)
	<u>10.806.895</u>	<u>10.548.360</u>

# Skýringar

## 6. Skattar

SFH greiðir ekki tekjuskatt en greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármunatekjum sínum. Skattar vegna reikningsársins verða engir umfram það sem SFH hefur þegar greitt sem afdráttarskatt af fjármunatekjum. Fjármagnstekjuskattur vegna áunninna en óinnheimtra fjármunatekna, svo sem af matsbreytingum verðbréfa, er reiknaður og færður sem skuldbinding í ársreikninginn þegar við á.

## 10. Stofnfé

Upphaflegt stofnfé SFH kr. 700.000 skiptist jafnt á milli flytjenda og framleiðenda.

## 11. Varasjóður

Varasjóður samanstendur af tillögum af sameiginlegum hagnaði deilda, Flytjendadeildar og Framleiðendadeildar. Á árinu 2023 var samþykkt breyting á varasjóði þess efnis að varasjóðurinn samanstandi af framlagi síðustu 3 ára samanlagt í stað 4 ára áður, en að hætt verði að færa árlega í sjóðinn nema aðalfundur samþykki sérstaklega tillögu um framlag í sjóðinn skv. heimild í 9 grein samþykktar SFH. Vegna þessarar breytinga er ekkert framlag fært í sjóðinn á árinu en úr honum færð til baka tillög sem eru eldri en 3 ára, þ.e. tillög árána 2019 og 2020. Í árslok samanstendur varasjóðurinn því af tillögum árána 2021 og 2022.

	2024	2023
Varasjóður í ársbyrjun .....	26.099.762	47.657.160
Varasjóðstillag ársins .....	0	0
Ráðstöfun úr varasjóði .....	0	(21.557.398)
	<u>26.099.762</u>	<u>26.099.762</u>

## 12. Stuðningssjóður

Á aðalfundi 2023 var samþykkt að setja á stofn sjóð til stuðnings tónlistarflutnings og framleiðslu hljóðrita. Sjóðurinn hefur heitið Stuðningssjóður. Skv. 2.gr. samþykktar SFH getur framlag í hann numið 10% af ráðstöfunartekjum þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá. Heimilt verður einnig að nota þennan sjóð sem varasjóð ef aðstæður eru með þeim hætti að mati aðalfundar. Framlag ársins í Stuðningssjóð er reiknað 10% af hagnaði ársins, en að frádregnum hlut Vörslufjársljóðs 3 vegna IHM tekna. Kostnaður og framlög úr Stuðningssjóði vegna sérverkefna eru hér færð í fyrsta sinn á árinu sem ráðstöfun á sjóðnum en höfðu áður verið gjaldfærð sem sér liður í rekstrarreikningi. Til skýringa er staða hvorrar deildar í Stuðningssjóðnum sundurgreind.

	Skipting milli deilda		2024	2023
	Framleið.d.	Flytjendad.		
Stuðningssjóður í ársbyrjun .....	10.299.575	10.299.575	20.599.149	0
Stuðningssjóðstillag ársins skv samþykktum .....	10.096.009	10.096.009	20.192.018	20.599.149
Til ráðstöfunar.....	20.395.584	20.395.584	40.791.167	20.599.149
Framlög úr Stuðningssjóði, Samtónn .....	(6.813.480)	(6.813.480)	(13.626.960)	0
Framlög úr Stuðningssjóði, Tónlistarmiðstöð .....	(1.250.000)	(1.250.000)	(2.500.000)	0
Framlög úr Stuðningssjóði til FHF (framleið.) ...	(10.299.575)		(10.299.575)	0
Framlög úr Stuðningssjóði til flytjenda .....		0	0	0
Ráðstafað alls.....	<u>(18.363.055)</u>	<u>(8.063.480)</u>	<u>(26.426.535)</u>	<u>0</u>
	2.032.529	12.332.104	14.364.632	20.599.149

# Skýringar

## 13. Óráðstafað eigið fé

Til ráðstöfunar:	2024	2023
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun .....	0	0
Hreinar tekjur ársins .....	287.350.319	205.991.493
Innleyst úr varasjóði fyrri ára .....	0	21.557.398
Til ráðstöfunar.....	<u>287.350.319</u>	<u>227.548.891</u>
<b>Ráðstöfun:</b>		
Ráðstafað til Vörslusjóðs v. eintakagerðar .....	(85.430.152)	(58.000.600)
Tillag í Varasjóð .....	0	0
Tillag í Stuðningssjóð skv samþykktum .....	(20.192.018)	(20.599.149)
Ráðstafað til Flytjendaeildar .....	(87.292.107)	(71.011.749)
Ráðstafað til Framleiðendaeildar .....	(94.436.042)	(77.937.393)
Ráðstafað alls.....	<u>(287.350.319)</u>	<u>(227.548.891)</u>
Óráðstafað eigið fé í árslok .....	0	0

### Skipting milli deilda:

Tekjur sem SFH móttækur sameignlega frá IHM sem úthlutun, fh. FÍH, FHF og FÍL skv. gerðardómi, eru bókaðar meðal annarra tekna og þar af leiðandi hluti af hagnaði ársins. Þessum IHM tekjum er hins vegar skipt skv. sérstöku samkomulagi með öðrum hætti en með jafnri skiptingu milli Flytjendaeildar og Framleiðendaeildar, óskiptum og án þóknunar til SFH. Vegna þessa er þessi liður færður sem sér ráðstöfun eigin fjár til sjálfstæðs vörslusjóðs vegna IHM teknanna (sjá skýringu 14.3), áður en kemur til helmingaskipta hagnaðar ársins að frádregnum framangreindum tekjum. Í

	Framleiðendaeild		Flytjendaeild	
	2024	2023	2024	2023
<b>Til ráðstöfunar:</b>				
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun .....	0	0	0	0
Hreinar tekjur fyrir sérgr. kostnað .....	104.532.047	77.458.268	104.532.047	77.458.268
Sérgreindur kostnaður deilda .....	0	0	(7.143.926)	(6.925.643)
Innleyst úr varasjóði fyrri ára .....	0	10.778.699	0	10.778.699
	<u>104.532.047</u>	<u>88.236.967</u>	<u>97.388.121</u>	<u>81.311.324</u>
<b>Ráðstöfun:</b>				
Tillag í Varasjóð .....	0	0	0	0
Ráðstafað til Flytjendaeildar .....			(87.292.107)	(71.011.749)
Ráðstafað til Framleiðendaeildar .....	(94.436.042)	(77.937.393)		
Tillag í Stuðningssjóð skv samþykktum .....	(10.096.009)	(10.299.575)	(10.096.009)	(10.299.575)
	<u>(104.532.051)</u>	<u>(88.236.968)</u>	<u>(97.388.116)</u>	<u>(81.311.324)</u>
Óráðstafað eigið fé í árslok .....	0	0	0	0

# Skýringar

## 14. Vörslufé

Vörslufé Úthlutunarsjóða SFH er í eðli sínu viðskiptareikningur yfir úthlutanir annars vegar og greiðslur þeirra hins vegar. Samkvæmt samþykktum og lögum ætti Úthlutunarsjóður að tæmast með útgreiðslum fyrir septemberlok á árinu í kjölfar tekjuársins. Vörslufé Úthlutunarsjóðs er aðgreint milli Framleiðendadeildar, Flytjendadeildar og vegna IHM tekna tengdum eintakagerð.

### 14.1. Vörslufé 1 - Úthlutunarsjóður Flytjendadeildar

	2024	2023
Vörslufé Flytjendadeildar í ársbyrjun, óúthlutað .....	169.826.703	213.485.916
Vörslufé Flytjendadeildar í ársbyrjun, ógreidd úthlutun .....	19.650.380	8.458.796
	<u>189.477.083</u>	<u>221.944.712</u>
Hlutdeild í tekjum ársins skv ákvörðun aðalfundar .....	87.292.107	71.011.749
Greiðslur erlendis frá vegna innlendra flytjenda .....	576.898	0
Framlag frá Menningarsjóði FÍH .....	6.000.000	0
Úthlutað til innlendra flytjenda .....	(37.438.615)	(44.023.629)
Ógreiddar úthlutanir ársins .....	2.089.935	11.191.584
Úthlutað til erlendra flytjenda .....	(28.644.493)	(70.647.333)
	<u>219.352.915</u>	<u>189.477.083</u>
Flytjendadeild, vörslufé.....		

### 14.2. Vörslufé 2 - Úthlutunarsjóður Framleiðendadeildar

Vörslufé Framleiðendadeildar í ársbyrjun .....	60.561.841	68.186.454
Hlutdeild í tekjum ársins skv ákvörðun aðalfundar .....	94.436.042	77.937.393
Greitt til framleiðenda .....	(60.561.841)	(85.562.006)
	<u>94.436.042</u>	<u>60.561.841</u>
Framleiðendadeild, vörslufé.....		

### 14.3. Vörslufé 3 - Úthlutunarsjóður IHM tekna tengdum eintakagerð

Vörslufé vegna eintakagerðar í ársbyrjun .....	21.341.905	5.851.856
Hlutdeild í IHM tekjum á árinu .....	85.430.152	58.000.600
Hlutdeild greidd til FÍL .....	(44.780.207)	(17.828.925)
Hlutdeild greidd til Menningarsjóðs FÍH .....	(30.995.925)	(12.340.813)
Hlutdeild greidd til FHF .....	(30.995.925)	(12.340.813)
	<u>0</u>	<u>21.341.905</u>
Framleiðendadeild, vörslufé.....		

Vörslufé samtals í árslok .....	<u>313.788.957</u>	<u>271.380.829</u>
---------------------------------	--------------------	--------------------

Vörslufé vegna úthlutunar frá IHM vegna eintakagerðartekna skiptist á milli aðildarfélaganna FÍL, FÍH og FHF, skv. sérstöku samkomulagi tengt gerðardómi um skiptingu þessarra tekna hjá IHM. Innheimtar tekjur, sem miðast við samþykktar úthlutanir IHM á reikningsárinu, úthlutast beint og óskert til félaganna.

# Skýringar

## 15. Reikningsskilaaðferðir

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Tekjur frá útvarps- og sjónvarpsstöðvum fyrir notkun á íslenskum markaðshljóðritum á tekjuárinu eru tekjufærðar í samræmi við samninga þar að lútandi. Tekjur utan útvarpsstöðva eru byggðar á gjaldsskrá SFH og samningum við einstaka notendur.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

### Skattamál

Samtökin eru ekki í tekjuskattskyldri starfsemi. Fjármagnstekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir skattstofnum fjármunatekna og skatthlutfallið er 22%.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.